

Fundargerð

3. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.
3. mars 2020 kl. 11.30 á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík

Mætt:

Stefán Gíslason (SG) formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Lilja Magnúsdóttir (LM), Þorgeir Pálsson (ÞP), Arnór Snæbjörnsson (AS), Erla Sigríður Gestdóttir (ESG) (fór af fundi 13.50) og Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ). Aðalsteinn Óskarsson (AÓ) og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hrafnhildur Magnúsdóttir (HM) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Umræður um drög að lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og afgreiðsla lýsingar.

Farið yfir drög að lýsingu.

Rætt var um töflu yfir efnisþætti sem safna á upplýsingum um í forsendugreiningu fyrir verkefnið. LM benti á að víða séu sögulegar lendingar og þörf sé á að fá upplýsingar um þær. Spurt var um hvort grásleppuveiðar falli undir veiðisvæði í forsendugreiningu. EAÁ svarar því til að þetta sé á radar hjá Hafrannsóknarstofnun en einnig séu samráðsfundir til þess fallnir að koma slíkum upplýsingum á framfæri. ESG benti á að það þyrfti að bæta við efnisþættinum „orkuvinnsla“ þar sem tiltekið væri haf- og vindstraumar og jarðhiti og að gögnin kæmu frá Orkustofnun. ÁÞ lagði til að bætt væri við vísinum önnur smádýr undir efnisflokkinn „dýralíf“ og efnisþættinum „sjávarplöntur“. Undir flokknum „efnistaka og haugsetning“ benti LM á vandamál varðandi haugsetningarsvæði og hvort hugsanlega þurfi að afmarka slík svæði í skipulaginu. Rætt var um leyfi og leyfis skylda nýtingu. AS leggur til að „nýting á sjávargróðri samkvæmt leyfi“ verði breytt í „nýting á sjávargróðri“ og þar verði Hafrannsóknarstofnun bætt við. AÓ velti því upp hvort að nýting þangs og þara ætti frekar heima undir „eldi og ræktun“ heldur en „hlunnindanýtingu“. Bent var á hvort að tiltaka ætti sérstaklega undir „mikilvæg fuglasvæði“ að æðarvörp ættu heima þar undir. Þá var bent á að Landmælingar og Landhelgisgæslan byggju yfir gögnum um sjávarstöðubreytingar og að Landhelgisgæslan annist tiltekna sjómælingar sem gætu nýst. Þá kom fram að Veðurstofan ætti gögn um sjávarflóð og að Vegagerðin og hafnirnar búi yfir upplýsingum um hækkun sjávarborðs. Þá þurfi að bæta við hugtakinu siglingaleiðir inn í flokkinn „Umferð og samgöngur“ og kom einnig fram að skilgreindar siglingaleiðir lægju ekki fyrir á svæðinu. Undir efnisþáttinn „ferðaþjónusta“ ætti að bæta við köfun og brimbrettum.

Rætt var um skiptingu eldissvæða. AS velti upp möguleikum um hvernig ferlið gæti teiknast upp varðandi afmörkun svæða og lagði áherslu á að hugsa það vel og gæta samræmis við hlutverk Hafrannsóknastofnunar í skiptingu eldissvæða. Fram kom að atvinnuvegaráðuneytið hefði lagt að Hafrannsóknastofnun að flýta ákvörðunum um svæðaskiptingu fiskeldis á skipulagssvæðinu svo nýst gæti svæðisráði. Reifuð voru ákvæði 4. gr. a. í lögum um fiskeldi í þessu sambandi. Þá var lagt til að nefnd yrði svæðisskipting fiskeldis í upptalningu upplýsingalinda frá stofnunum í lýsingu skipulagsins.

Rætt var um „aðra aðila“ sem tilgreindir eru í lýsingu, AÓ benti á að tilgreina þurfi Samtök atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum, Samtök atvinnurekenda á norðanverðum

Vestfjörðum og Samtök atvinnurekanda á Ströndum. Einnig kom fram að bæta megi við Æðarræktarfélagi Íslands og Samorku.

AÓ kallaði einnig eftir fleiri heimsmarkmiðum og þá HM 8 og 11 undir umhverfisþættinum samfélag.

Rætt var um afmörkun skipulagssvæðisins og hvort ástæða væri til að endurskoða hana við endurskoðun strandsvæðisskipulagsins. Varðandi ákvörðun um mörk sveitarfélaga til sjávar eða innri viðmiðunarlínu, þá bendi AÓ að ekki sé hafin vinna við verkefni í Landskipulagi 2015-2026, 4.2.3. Skilgreining á strandlínu. Taldi AÓ að útvíkka mætti það verkefni til að afmarka innri viðmiðunarlínu.

Svæðisráð samþykkti lýsingu með fyrirvara um að ábendingar og athugasemdir sem fram komu á fundinum séu hafðar til hliðsjónar.

2. Kynning á samráði um lýsingu

EAÁ kynnti tillögu Skipulagsstofnunar fyrir kynningar- og samráðsfundi um lýsingu ásamt því að kynna samráðsvefsjá og markmið hennar. Þá var farið yfir miðlun funda og úrvinnslu samráðs um lýsingu og miðlun þess.

Rætt var um tímasetningu kynningar- og samráðsfunda og birtingu lýsingar. Lögð var til breytt tímasetningu kynningar- og samráðsfunda, þannig að fundur á Ísafirði yrði 15. apríl og á Bíldudal 17. apríl. Fram kom að stefnt sé að birta lýsingu á vef Skipulagsstofnunar 7. apríl og í kjölfarið að auglýsa á vefjum sveitarfélaga og auglýsa hana 11. apríl.

3. Næsti fundur

Skipulagsstofnun leggur til að næsti fundur svæðisráðs verði í lok maí þar sem fjallað verður um drög að viðbrögðum við ábendingum og athugasemdum sem bárust á kynningatíma lýsingar. Og farið yfir nánari áætlun um skipulagsferlið sem framundan er.

Svæðisráð samþykkti að fundargerð verði send út til yfirferðar fyrir kl. 12.00 á morgun. Ef ekki koma fram athugasemdir við hana fyrir klukkan 17.00 teljist hún samþykkt.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið 15.44.